

Ferðamálaráð Íslands
664. fundur haldinn mánudaginn 10. janúar 2005 kl. 11:30
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður (Mætti við upphaf 3. dagskrárliðar)
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Gunnar Sigurðsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Hlynur Jónsson, fulltrúi SAF
Dagur B. Eggertsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Ársæll Harðarson, forstöðumaður
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

Varaformaður stýrði umræðum og afgreiðslu 1. og 2. dagskrárliðar.

1. Fundargerð 663. fundar

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Fjárhagsáætlun 2005

Ferðamálastjóri lagði fram tillögur vegna notkunar fjárlagaliða 1.05 og 1.11 og 1.18 á fjárlögum ársins 2005. Fjárlagaliðir 1.21, til úrbóta á fjölsóttum ferðamannastöðum verður afgreiddur á næsta fundi. Tillögurnar voru samþykktar og fjárhagsáætlun send til samgönguráðherra til samþykktar í samræmi við ákvæði laga um skipulag ferðamála.

3. Kynning á drögum til laga um skipulag ferðamála

Samgönguráðuneytið hefur sent Ferðamálaráði umrædd drög til umsagnar. Á fundinn mættu fulltrúar ráðuneytisins, Unnur Gunnarsdóttir skrifstofustjóri, Helga Haraldsdóttir skrifstofustjóri og Svanhvít Axelsdóttir lögfræðingur. Unnur gerði grein fyrir tildrögum umræddrar vinnu og fór yfir helstu breytingar frá núgildandi lögum.

Fulltrúar ráðsins spurðu um fjölmarga þætti og sérstaklega tillögur að breyttri skipan ráðsins og hlutverki svo og um tillögur að breytingum á kafla núgildandi laga um ferðaskrifstofur. Nokkrar spurningar komu einnig varðandi fyrirkomulag upplýsingamála. Fulltrúar ráðuneytisins svöruðu spurningum og skýrðu einstaka kafla frekar. Formaður lagði til að haldinn yrði annar fundur fyrir lok frests til að skila umsögn og á þeim fundi yrði gengið frá umsögn ráðsins. Það var samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 13:15